



Proskapjálfafélag
Íslands

**Aðalfundur
Proskapjálfafélags Íslands
Borgartúni 6, 105 Reykjavík
23. maí 2018**

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál

Stjórn ÞÍ skipuðu: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður, Hanna Kristín Sigurðardóttir varaformaður, Steinunn Jónsdóttir ritari, Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Guðrún Halla Jónsdóttir, Bjarnveig Magnúsdóttir og Halldóra Jóhannesdóttir Sanko.

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Hanna Kristín Sigurðardóttir er tengiliður við Trúnaðarmannaráð og fulltrúi í stjórn NFFS.

Bjarnveig Magnúsdóttir er tengiliður við Fagráð.

Guðrún Halla Jónsdóttir er tengiliður við Útgáfuráð.

Halldóra Jóhannesdóttir Sanko er tengiliður við Laganefnd.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir situr í stjórn Vísinda- og Kjaradeilusjóðs og stjórn Þroskahjálpar.

Anna Björk Sverrisdóttir, þroskahjálfi er fulltrúi í Netlu.

Anna Lilja Magnúsdóttir er tengiliður við Kjörnefnd.

Laufey Elísabet Gissurardóttir er tengiliður við Siðanefnd, og fulltrúi í stjórn NFFS.

Hlutverk skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfa formaður og framkvæmdastjóri í fullu starfi. Þar eru unnin flest þau verkefni sem snúa að rekstri félagsins og stjórnun þess. Meðal helstu verkefna má nefna:

- Ráðgjöf vegna kjara- og réttindamála.
- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga.
- Kjarasamningagerð og stofnanasamningagerð.
- Upplýsingar varðandi launakjör og launaþróun.
- Fræðsla frá formanni og framkvæmdastjóra út á stofnunum/fyrirtækjum þar sem félagsmenn starfa.
- Lögfræðipjónustu BHM á sviði vinnuréttar.
- Aðstoð við lausn ágreiningsmála á vinnustað.
- Ráðgjöf til félagsmanna í atvinnuleit og stuðningur til atvinnulausra félagsmanna.
- Félagið er talsmaður/fulltrúi félagsmanna í einstaklingsmálum, ef óskað er eftir.
- Annast samstarf við NFFS (nordisk forum for socialpedagoga og situr formaður ásamt formanni fagráðs í stjórn NFFS) einnig samstarf við AIEJI sem eru alþjóðleg samtök þroskahjálfa/social educators.
- Aðgang að sjóðum BHM (styrktarsjóður, sjúkrasjóðir, orlofssjóður, starfsmenntunarsjóður, starfsþróunarsetur háskólamanna).
- Aðgang að orlofshúsum BHM.
- Styrki úr Vísindasjóð og fag- og fræðslusjóði
- Félagið birtir atvinnuauglýsingar fyrir félagsmenn og vinnustaði.
- Halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur sammingsbundin og lögboðin gjöld.
- Færa bókhald fyrir sjóði félagsins og skrifstofuna.
- Annast skráningu nýrra félagsmanna og viðhalda félagaskrá og netfangalista.
- Senda grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
 - Annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsingamiðlun.

- Annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila, s.s. stjórnir, nefndir, ráð, BHM, DK, viðskiptabanka og Advania.
- Aðstoða einstaka félagsmenn, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsnefndum og kjaranefndum við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
- Undirbúa félagsfundir.
- Undirbúa starfsdaga ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórnar ÞÍ.
- Undirbúa málþing ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórnar ÞÍ.
- Undirbúa fræðslu ÞÍ.
- Funda með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á vinnustöðum um allt land.
- Ýmis vinna tengd BHM.
- Undirbúningur fyrir aðalfund.
- Vera í tengslum við ráð og nefndir félagsins.
- Fræðsla til háskólanema.

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum félagsins.

Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 13 skipti. Umfjöllunarefni stjórnar þetta árið voru fagmál, lífeyrissjóðsmál, kjaramál, erlent samstarf auk rekstrarmála félagsins.

Starfsárið 2017 - 2018

Sameiginlegur fundur með stjórn ÞÍ, fagráði og útgáfuráði og nefndum var haldinn í haust, þar sem markmið fyrir starfsárið voru sett og skipting verka átti sér stað. Í ráðum og nefndum félagsins þetta starfsár voru:

Fagráð

Elva Ösp Ólafsdóttir (2016-2018)
 Freydis Frigg Guðmundsdóttir (2017-2019)
 Kristbjörg Hjaltadóttir (2016-2018)
 Einar Þór Jónsson (2017-2019)
 Kolbrún Stígisdóttir (2017-2018)
 Fanney Sumarliðadóttir (2016-2018)
 Björg Maggý Pétursdóttir (2017-2019)
 Tengiliður við stjórn: Bjarnveig Magnúsdóttir

Kjörnefnd

Rún Halldórsdóttir (2016-2018)
 Kristín Gísladóttir (2016-2018)
 Guðrún Jakobsdóttir (2017-2019)
 Valborg Helgadóttir (2017-2019)
 Bjarghildur Pálsdóttir (2017-2019)
 Tengiliður við stjórn: Anna Lilja Magnúsdóttir

Laganefnd

Ragnhildur Þorsteinsdóttir (2016-2018)
Rannveig Biering (2016-2018)
Margrét Rannveig Halldórsdóttir (2017-2019)
Helga Magnúsdóttir (2017-2019)
Andrea Bergmann Halldórsdóttir (2017-2019)
Tengiliður við stjórn: Halldóra Jóhannesdóttir Sanko

Útgáfuráð

Kristín Helga Magnúsdóttir (2016-2018)
Magnús Helgi Björgvinsson (2017 – 2018)
Anna Kristín Albertsdóttir (2016-2018)
Trausti Júlíusson (2017-2019)
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir (2017-2019)
Anna Björg Sverrisdóttir (2017-2019)
Vantar einstakling frá Rannsóknarstofu í þroskaþjálfafraeðum
Tengiliður við stjórn: Guðrún Halla Jónsdóttir

Vísindasjóðsstjórn

Valborg Helgadóttir, formaður
Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir, gjaldkeri ÞÍ
Þóranna Halldórsdóttir, ritari
Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir
Bjarnveig Magnúsdóttir
Tengiliður við stjórn: Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir

Siðanefnd

Árni Már Björnsson (2015-2018)
Hrefna Sigurðardóttir (2016-2019)
Signý Þórðardóttir (2017-2020)

Varamenn:

Sigríður Daníelsdóttir (2015-2018)
Friðrik Sigurðsson (2016-2019)
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2017-2020)
Tengiliður við stjórn: Laufey Elísabet Gissurardóttir

Stéttarfélagar eru **734** talsins, fagaðilar **14**, lífeyrisþegar eru **26** auk þess sem nokkrir nemar í þroskaþjálfafraeðum skráðu sig sem aukafélaga.

Skipulagðir trúnaðarmannafundir voru tveir á starfsárinu. Þeir voru haldnir 13. október 2017 og 16. mars 2018, sjá skýrslu frá trúnaðarmannaráði.

Í trúnaðarmannaráði eru:

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
Sigurlaug Vilbergsdóttir

Framhaldsskólar
Jóhanna Jónsdóttir

Ás styrktarfélag/búseta
Guðrún Nanný Vilbergsdóttir

Ás styrktarfélag/dagþjónusta
Bjarghildur Pálsdóttir

Skálatúnsheimilið
Jónína Árnadóttir

Hafnarfjörður skólar
Hanna Guðrún Pétursdóttir

Hafnarfjörður leikskólar
Vantar

Hafnarfjörður
Margrét Erla Haraldsdóttir

Víðivellir í Hafnarfirði
Anna Sveinsdóttir

Reykjanesbær
Linda Birgisdóttir

Reykjavík-Velferðarsvið
Elsa Eiríksdóttir Hjartar

Reykjavík-Velferðarsvið
Oddrún Ólafsdóttir

Grunnskólar Reykjavíkur
Ragnheiður E. Ragnarsdóttir

Fellaskóli grunnskóli í Reykjavík
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko

Klettaskóli
Kristín Ásta Ólafsdóttir

Leikskólar Reykjavíkur
Særún Ósk Böðvarsdóttir

Seltjarnarnesbær
Jóhanna Ósk Ólafsdóttir

Austurland
Guðbjörg Gunnarsdóttir

Norðurland
Gestur Guðrúnarson

Suðurland
Steinunn Jónsdóttir

Grunnskólar á Suðurlandi
Karen Erlingsdóttir

Grunnskólar Akraness
Andrea Magnúsdóttir

Vestfirðir
Vantar

Garðabær skóli leikskóli
Bettý Gunnarsdóttir

Ríki Landspítali
Gerður Pálsdóttir

Kópavogur/skólar
Þórunn Guðrún Einarsdóttir

Kópavogur/Velferðarsvið
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Frístundahluti SFS Reykjavík
Þórunn Skúladóttir

Í febrúar á þessu ári var skrifað undir samning við Fjármálaráðherra f.h ríkissjóð annars vegar og Þroskaþjálfafélags Íslands hins vegar sem hefur gildistíma frá 1. september 2017 til 31. mars 2019. Sérstök bókun var gerð um lágmarkslaun sem samsvara launaflokki 07 Samningur við Reykjavíkurborg sem skrifað var undir í desember 2015 og samningurinn við Samband íslenskra sveitarfélaga sem undirdritaður var í mars 2016, eru einnig með gildistíma til 31. mars 2019. Komandi vetur verður því hlaðinn undirbúningi fyrir kjarasamningsgerð við stærstu viðsemjendur ÞÍ.

Í samningnum við Samband íslenskra sveitarfélaga var samið um inngöngu í starfsmat með gildistöku frá 1. júní 2018. Innleiðing þess er í fullum gangi og hefur verið það allt síðasta ár. Í mars mánuði 2017 hófust viðtöl við yfirstjórnendur sem hefur vinnuheimilið fyrsti áfangi. Því næst hófst vinna við annan áfanga sem hefur með millistjórnendur að gera. Stefnt er að klára viðtöl í þriðja áfanga í maí 2018.

Í kjarasamningi var samningsákvæði þess efnis að innleiðingarferlinu væri lokið og röðun starfa yrði samkvæmt starfsmati frá og með 1. júní 2018. Nú er ljóst að það næst ekki. ÞÍ, ásamt öðrum aðildarfélögum BHM komust að samkomulagi við SNS um að aðilar gerðu með sér samkomulag um seinkun á innleiðingu starfsmats til 31. desember 2018 í síðasta lagi. Jafnframt að félagsmenn þessara 10 aðildarfélaga BHM fái 3,4% hækkun (sem innifelur 1,4% launaskriðstryggingu sem ekki var samið um í kjarasamningi) á töflu frá 1. júní n.k. og að hækkun skv. starfsmati við innleiðingu verði afturvirk frá 1. júní 2018. Með því er tryggt að þeir sem hefðu hækkað þann 1. júní n.k. fá þá hækkun þó síðar verði. Að sama skapi verður áfram miðað við þriggja mánaða uppsagnarfrest við innleiðingu starfsmats, komi til lækkunar vegna starfsmats.

Fulltrúi BHM í Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar og Framkvæmdarnefnd starfsmats Samband íslenskra sveitafélaga er Anna Lilja Magnúsdóttir, framkvæmdarstjóri ÞÍ.

Formaður Þroskaþjálfafélags Íslands skrifaði 23. október 2017 undir endurnýjaðan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins ásamt 14 öðrum formönnum BHM.

Sautján aðildarfélög BHM og þar með ÞÍ sendu áskorun á ríkisstjórn Íslands eftir fjölmennan fund 1. desember 2017 vegna stöðu viðræðnanna við ríkið á þeim tíma. Skorað var á ríkisstjórnina að ganga tafarlaust til samninga við félögin.

Eining hefur verið unnið við gerð stofnanasamninga á árinu og var skrifað undir stofnanasamning við Greiningarstöð ríkisins í nóvember 2017. Í júlí 2017 var skrifað undir stofnanasamning við Vinnumálastofnun. Skrifað var undir nýjan stofnanasamninga við Landsspítala Háskólasjúkrahús 11. maí 2018. Verið er að vinna við stofnanasamningsgerð við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, og Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Formaður ÞÍ situr fyrir hönd BHM í stýrihóp Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar (2. áfangi)

Proskapjálfar fjölmenntu að venju í kröfugöngu 1. maí. Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður BHM var annar ræðumaður dagsins, þar sagði hún meðal annars í ræðu sinnu „Við viljum að kvennastéttunum sem bera uppi menntun og heilbrigði landsmanna séu greidd laun sem endurspeglar raunverulegt virði starfanna. Þjóðaráttak þarf til að lyfta kvennastéttum kann að vera það eina sem dugar í stöðunni. Slík aðgerð kallar á samvinnu og samstöðu þvert á heildarsamtök launafólks.“ Þetta mun verða eitt af áherslum málum ÞÍ í næstu kjarasamningsgerð líkt og hjá öðrum félögum innan BHM þar sem meiri hluti félagsmanna eru kvenfólk.

Virk starfsendurhæfing

Mikil aukning hefur verið hjá ráðgjöfum VIRK starfsendurhæfingar á síðustu árum og hafa biðlistar lengst eftir þjónustu hjá ráðgjöfum. Á síðasta ári bættist einn ráðgjafi við og annar bættist við í sumar og eru þá ráðgjafarnir hjá BHM fimm alls. Þeir þjóna eining félagsmönnum hjá KÍ og öðrum háskólamönnum.

BHM

Þjónustuver hjá BHM tók til starfa 12. janúar 2018. Markmiðið með þjónustuverinu er að bæta þjónustu við félagsmenn sem leita til sjóða BHM.

Húsnæðismál BHM og aðildarféлага hafa verið til umræðu, BHM leigir rými á 2 og 4 hæð í Borgartúni 6 og er nokkuð ljóst að BHM þarf stærra húsnæði og er óhagstætt og óöruggt að leigja. Í upphafi árs veitti stjórn BHM framkvæmdastjóra og rekstrar- og fjármálastjóra bandalagsins umboð til að kanna framtíðarkosti í húsnæðismálum í samstarfi við KÍ.

BHM fagnar 60 ára afmæli 23. október 2018 og hefur afmælisnefnd hafið störf í nefndina voru skipaðir 3 framkvæmdastjóra aðildar féлага BHM og er einn þeirra framkvæmdastjóri ÞÍ. Hvetur stjórn ÞÍ félagsmenn að taka þennan dag frá og mæta í afmælið.

Fyrir áramót var samþykkt í formannaráði BHM að sækja um aðild að Norræna verkalýðssambandinu eða NFS (Nordens fackliga samorganisation). Framkvæmdastjórn NFS samþykkti aðild BHM hinn 26. apríl 2018.

Lífeyrissjóðsmál

Stjórn BHM samþykkti fyrir sitt leyti breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs vorið 2017 í takt við þær breytingar sem gerðar voru hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, en bókaði eftirfarandi af því tilefni og lét fylgja með samþykkt sinni til stjórnar Brúar:

Með vísan í álit Markarinnar lögmannsstofu dags. 19.maí 2017 beinir stjórn BHM því til stjórnar Brúar lífeyrissjóðs að setja sér málefnalegar viðmiðunarreglur um heimildir stjórnar til þess að taka við skuldabréfum sem greiðslu eða heimila greiðslu sérstakra iðgjalda í því skyni að greiðendur njóti jafnræðis auk þess sem hagsmuna sjóðsins sé

gætt. Stjórn BHM telur einnig að skýra þurfi, að hálfu stjórnar Brúar lífeyrissjóðs, hverjir beri áhættu af iðgjaldatapi og hvernig. Þá vill stjórn BHM beina því til stjórnar Brúar lífeyrissjóðs að setja sér verklagsreglur um hvernig skuli staðið að breytingum á réttindatöflum.

Samþykkt var að kalla eftir lögfræðialiti frá Mörkinni (ásamt BSRB og KÍ) um fýsileika þess að höfða mál gegn ríkinu vegna breytinga á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna (í A-deildum LSR og Brúar). Lögmennt Mörkinni skiluðu BHM, BSRB og KÍ álitserð vegna breytinga á lögum LSR í lok árs. Henni var vísað til kynningar og umfjöllunar í formannaráði BHM en einnig var fjallað ítarlega um hana á samráðsfundum opinberu bandalaganna þriggja, m.a. á fundi með lögmönnum 19. desember. Gengið frá greiðslum til Brúar lífeyrissjóðs vegna framlaga BHM sem launagreiðanda í samræmi við lífeyrissamkomulagið frá 2016. Einnig barst rukkun frá Brú vegna Fjölskyldu- og styrktarsjóðs (sem lagður var niður árið 2008) í tengslum við uppgjör vegna breytinga í kjölfar lífeyrissamkomulagsins. Samkomulag varð um að BHM, BSRB og KÍ skiptu þeirri greiðslu jafnt á milli sín og var það samþykkt í stjórn BHM.

Viðhorfskönnun

Á þessu ári var gerð viðhorfskönnun á vegum kjara og réttindanefndar BHM í stað hefðbundinnar kjarakönnunar. Niðurstöður viðhorfskönnunar lágu fyrir í júlí 2017 og nýtti BHM nokkra valda punkta úr könnuninni sem fréttæfni. Niðurstöður könnunar nýttust vel í innra starfi og því voru niðurstöðurnar sendar áfram til aðildarfélaganna bandalagsins ásamt opnum svörum frá félagsmönnum viðkomandi félags en þau voru oft á tíðum ansi viðamikil. Í framhaldi af könnuninni ræddi nefndin ítarlega kannanir og nefndarmenn eru sammála um að farsælast sé að stefna að því að vinnsla raungagna hjá bandalaginu geti komið í stað kjarakannana og bandalagið beiti sér þá fyrir viðhorfskönnunum um einstök mál í staðinn. Enn er þó töluvert í land, sérstaklega hvað varðar launagögn hjá sveitafélögum og eins á opinberum markaði svo vera má að það þurfi að gera kjarakannanir enn um sinn en yrðu þær minni í sniðum og ættu að beinast að ákveðnum hópum.

Myndbönd

Í vetur voru gerð nokkur myndbönd um störf þroskaþjálfara, þeirra sem nota þjónustu og sérfræðiþekkingu þeirra. Hugmyndin var að varpa ljósi á ólíkar sögur, sýna og segja frá mismunandi aðstæðum með ólíkum einstaklingum. Þannig var markmiðið að veita almenningi betri innsýn inn í hvers konar starf þroskaþjálfari vinnur, betri skilning á því hvað starfið gerir fyrir þá sem nota þjónustuna sem og að veita almenningi betri innsýn um mikilvægi starfsins fyrir samfélagið. Hægt er að sjá þessi myndbönd og deila þeim frá facebook síðu félagsins.

Fræðslufundir og starfsdagar

Fræðslufundur var haldinn á síðasta ári um lífeyrissjóðsmál fyrir félagsmenn 60 ára og eldri. Ágústa Hrönn Gísladóttir, forstöðumaður réttindamála hjá LSR fjallaði um lífeyrisréttindi bæði A og B deildum LSR.

Síðasta haust eða 13. september 2017 var kynning á greiningu sóknarfæra í menntun þroskaþjálfara og tillögur um skipulag og inntak þroskaþjálfanámsins við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Það voru þær Andrea G. Dofradóttir og Rannveig Traustadóttir sem kynntu niðurstöður starfshóps í greiningu á sóknarfærum í menntun þroskaþjálfara og tillögur um skipulag og inntak þroskaþjálfanámsins við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Haldinn var fræðslufundur 17. nóvember en þar voru þroskaþjálfarnir Þórána Halldórsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, María Sigurjónsdóttir og Hafdís Lilja Gunnarsdóttir að kynna Matstæki og þjálfunarleiðir í vinnu með börnum 0 til 8 ára um 90 þroskaþjálfar nýttu sér þessa fræðslu.

Þí var með fræðslufund 6. desember 2017, þar héldu erindi þroskaþjálfarnir Sigurlaug Vilbergsdóttir og Laufey Gunnarsdóttir um Börn og ungmenni með þroskahömlun – Matstæki, viðhorf og samvinna vel var mætt á þessa fræðslu og var henni eining steymt. Fræðslufundurinn var vel sóttur eða alls um 90 þroskaþjálfar.

Málþing Þroskaþjálfafélags Íslands var haldið á Hótel Natura, 26. janúar 2018. Yfirskrift málþingsins var Nýjungar í starfi með fólki – Áhrifa þættir í faglegu starfi. Málþingið var vel heppnað og með mikla aðsókn. Stjórn ÞÍ ásamt fagraði ákvað að sækja um styrk til Starfsþróunarsetur háskólamanna og taka upp fyrirlestra málþingsins. Eru þeir nú aðgengilegir á heimasíðu félasins, ásamt því að viðtöl voru tekin við nokkra fyrirlesara.

Haldinn var félagsfundur 19. mars um tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um áfanga tvö um styttingu vinnuvikunnar. Fundurinn hófst með því að Magnús Már Guðmundsson, formaður stýrihóps um tilraunaverkefnið sagði frá hvernig verkefnið hafi gengið og síðan veru eftirfarandi þroskaþjálfar með stutt innlegg um verkefnið, Verkefnið vs vinnutíminn Alda Árnadóttir, verkefnisstjóri í málaflokki fatlaðra á Þjónustumiðstöð Breiðholts. Gengur stytting vinnuvikunnar upp í grunnþjónustu Borgarinnar? Bára Denny Ívarsdóttir, forstöðumaður í heimaþjónustu og heimahjúkrun hjá Velferðarsviði. Hvers vegna tökum við ekki þátt?, Valborg Helgadóttir, forstöðuþroskaþjálfari við heimilið Bleikargróf. Stytting vinnuvikunnar, fyrstu skref, Magnús Helgi Björgvinsson, forstöðuþroskaþjálfari við heimilið Hlaðbæ 2 og Íbúðakjarna Þorláksgæisla 70

Hafdís Björg Bjarnadóttir þroskaþjálfari kynnti störf þroskaþjálfara fyrir 10. bekkjum á Akureyri.

Erlent samstarf

Þroskaþjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) samtök norræna þroskaþjálfa. Í þessu samstarfi eru félög frá Noregi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. .

Síðustu árin eða 2017 og 2018 hélt Ísland og Færeyjar utan um stjórnarfundir í NFFS og voru þeir þá haldnir í Reykjavík og Þórshöfn í Færeyjum. Félagið hefur sent tvo fulltrúa á þessa fundi.

Fundurinn í Reykjavík var haldinn 31. maí til 1. júní 2017 og í Þórshöfn var fundurinn 4. til 6. október 2018. Næsti fundur verður í byrjun júní í Grænlandi.

Einnig hafa verið sameiginlegir fundir með Nordiske sosionomforbunds samarbeidskomitee (NSSK) norræna samtaka félagsráðgjafa.

Félagið er með aðild AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum, til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi.

Samstarf við háskólasamfélagið

Útskriftarnemum var boðið til félagsins daginn fyrir útskrift 2017 ásamt starfsmönnum þroskaþjálfadeildar. Tilgangurinn er að bjóða verðandi þroskaþjálfa velkomna í félagið, kynna áherslur og starfsemi ÞÍ. Í ár hefur stjórn ÞÍ ákveðið að bjóða nemum og starfsfólki ásamt leiðbeinendum útskriftanema í boð 22. júní, daginn fyrir útskrift.

Félagið tók á móti fyrsta árs nemum 31. ágúst komu fjarnemar sem voru 24 og 15. september komu staðnemar sem voru 25.

Í ágúst 2017 kom út skýrsla á núverandi fyrirkomulagi og ráðgefandi tilögur um framtíðarskipan til eflingar og þróunar námsins. Vinnuhópur hóf störf í maí 2016. Markmið hópsins var að setja fram áætlun til framtíðar sem hefur það að markmiði að styrkja nám til starfsréttinda í faginu og efla framhaldsnám á sviðinu. Hanna Kristín Sigurðardóttir varaformaður ÞÍ var fulltrúi félagsins í hópnum. Aðrir fulltrúar í hópnum komu frá Rannsóknarsetri í Fötlunarfræðum, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Landsamtökunum Þroskahjálp, Átaki Félagi fólks með þroskahömlun, auk þess sem fulltrúi brautskráðra nemenda er í hópnum. Í skýrslunni eru birtar niðurstöður greiningar starfshópsins á fyrirkomulagi þroskaþjálfanáms á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Á grundvelli niðurstaðan eru settar fram tillögur að framtíðarskipan námsins og aðgerðum í því augnamiði að styrkja og efla námið til framtíðar. Ein tillaga úr þessari vinnu er að grunnnámið verði lengt í fjögur ár og á fjórða árinu verði áhersla á sérhæfingu. Nemendur taki BA próf eftir þriggja ára nám og að starfsréttindi verði veitt að loknu fjögurra ára námi.

Í nóvember 2017 fór Háskóli Íslands þess á leit við velferðarráðuneytið að það breyti reglugerð nr. 1120/2012 um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfa og skilyrði til að

hljóta starfsleyfi þannig, að til að hljóta starfsleyfi sem þroskaþjálfari þurfi fjögurra ára nám í stað þriggja. Breytt reglugerð gildi frá 1. júlí 2018.

Alþjóðlegur dagur þroskaþjálfara var haldinn 2. október 2017. Það var einstök upplifun að fylgjast með öflugum þroskaþjálfum setja merki félagsins á forsíðumynd sína á FB, segja frá störfum sínum, setja inn myndir og segja hversu stoltir þeir eru með störfin sín og hvaða baráttumálum þeir eru að vinna. Eining lét félagið útbúa myndband sem frumsýnt var á þessum degi með íslenskum texta sem og enskum sem sýndu starf þroskaþjálfara í leikskóla og voru þroskaþjálfar duglegir að deila þessum myndböndum.

Nefndir og ráð hafa starfað með reglubundnum hætti á árinu. Með starfi í nefndum og ráðum gefa félagar mikilvægan skerf til starfsemi félagsins. Mikilvægt er að hafa virka félagsmenn og endurspeglar það starfið í félaginu. Þessum aðilum er seint fullþakkað. Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins aftar í skýrslunni.

Síðasta starfsár ÞÍ hefur verið viðburðaríkt og vil ég þakka öllu þeim þroskaþjálfum sem hafa komið að starfi félagsins sérstaklega vel fyrir vel unnin störf.

Reykjavík 23. maí 2018

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,

Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður ÞÍ

Skýrsla gjaldkera starfsárið 2017 – 2018

Gjaldkeri vann með formanni og framkvæmdastjóra félagsins árið 2017. Hann hefur átt samráð við formann, framkvæmdastjóra og stjórn um rekstur félagsins.

Gjaldkeri situr í stjórn Vísindasjóðs ÞÍ og greiðir út styrki með framkvæmdastjóra sem samþykktir eru.

Félagssjóður skilaði rekstarhagnaði upp á kr.: 9.250.942.- eftir fjármagnsliði árið 2017.

Störf gjaldkera eru:

- Vinnur með framkvæmdastjóra.
- Veitir ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir,
gjaldkeri ÞÍ

Starf Trúnaðarmannaráðs hefur verið nokkuð fastmótað þar sem að jafnaði eru haldnir tveir fundir á starfsárinu, einn á haustmánuðum, (13. október 2017) og annar að vori (16. mars 2018). Sæti í trúnaðarmannaráði eiga allir trúnaðarmenn félagsins ásamt stjórn félagsins. Trúnaðarmannaráð gegnir mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun til og frá félagsmönnum. Í upphafi hvers fundar er farið yfir stöðuna, þar sem trúnaðarmenn segja frá því helsta sem komið hefur til þeirra.

Verkefni trúnaðarmanna hafa til dæmis verið að skoða launaröðun félagsmanna, stuðningur varðandi starfslýsingar og aðstæður á vinnustað. Það hefur borið á því að starfslýsingar hafi vantað eða þær ekki verið uppfærðar. Víða vantar þroskaþjálfar til starfa, þar sem ekki fást þroskaþjálfar í þau störf sem eru auglýst og aðrir gangi því í störfin.

Trúnaðarmannaráð fékk kynningu á nýju þjónustuveri BHM og sjóðum BHM. En með nýtilkomnu þjónustuveri er nú er hægt að fá upplýsingar varðandi sjóðina á einum stað. Þjónustan er veitt gegnum netspjall, tölvupóst, í síma eða á staðnum. Upplýsingar um sjóðina er hægt að finna á: <https://www.bhm.is/styrkir-og-sjodir>.

Samið var um það í síðustu kjarasamningum við launanevnd sveitafélaga að gera starfsmat á störfum og átti þeirri vinnu að vera lokið í apríl 2018. Trúnaðarmannaráð fjallaði um stöðuna á starfsmatinu á fundum sínum, á fundi í október varð ljóst að mikilvægar upplýsingar höfðu ekki skilað sér frá sumum sveitarfélögum til þroskaþjálfara á vettvangi. Þarna gafst tækifæri til að ýta á eftir og leiðréttu ákveðinn misskilning sem virtist gæta á sumum stöðum um mikilvægi þess að starfsmatinu væri skilað fljótt. Í apríl var staðan sú að fyrsta áfanga er lokið og öðrum áfanga er að ljúka en þriðji og jafnframt stærsti áfanginn á talsvert í land. Vegna þessa má gera ráð fyrir að tölfræði á launahækkunum sem vera áttu frá og með 1.júní. En þegar starfsmati er lokið og samstarfsnefnd hefur fundað og lokið sinni vinnu, verða hækkanirnar afturvirkar frá 1. júní 2018

Hlutverk trúnaðarmannaráðs er að undirbúa kröfugerð og kjarasamninga og vera stjórn til ráðgjafar um stærri mál. Trúnaðarmannaráð kýs samninganefnd sem ásamt formanni og varaformanni félagsins fer með forsvar þess við gerð kjarasamninga. Fastir liðir á fundum ráðsins er því staðan í samningamálum hverju sinni. Gerðadómur rann út 31. ágúst 2017. Fyrsti fundur í samningaviðræðum við ríkið var í september 2017, eftir fall ríkistjórnarinnar hægði á öllu ferlinu. Nýr samningur ÞÍ við ríkið var samþykktur í febrúar 2018 og gildir til mars 2019 (miðlægur samningur). Verið er að vinna að stofnanasamningum. Nú er enginn í lægri launaflokk en 07 sem var helsti ávinningur samningsins.

Ráðið skoðaði einnig þá fræðslu sem í boði er hjá BHM og kom með tillögur að fræðslu fyrir félagsmenn.

Fyrir hönd Trúnaðarmannaráðs

Hanna Kristín Sigurðardóttir varaformaður ÞÍ

Skýrsla laganefndar 2017-2018

Skýrsla laganefndar starfsárið 2017-2018

Í Laganefnd sátu:

Andrea Bergmann Halldórsdóttir

Helga Magnúsdóttir

Margrét Rannveig Halldórsdóttir

Ragnildur Þorsteinsdóttir

Rannveig Biering

Á síðastliðnu ári var laganefnd boðuð til funda tvisvar á tímabilinu. Sá fyrri fjallaði um breytingartillögu sem lögð var fram á aðalfundi. Fjallað var um niðurstöður aðalfundar og skipunarnefnd. Niðurstaða fundar var að nauðsynlegt væri að yfirfara lög félagsins, fyrst og fremst í ljósi þess að tryggja jafnræði og lýðræði innan félagsins. Ákveðið var að nefndarmenn myndu fara yfir lögina og setja fram hugmyndir um breytingar. En ekki yrðu teknar ákvarðanir fyrir en skipunarnefnd um breytingartillögu á lögum hafði lokið störfum.

Seinni fundur var með skipunarnefnd, eftir að nefnd kynnti niðurstöður sínar. Á þeim fundi var farið yfir niðurstöður nefndar og rætt um lýðræðisumbætur sem við töldum nauðsynlegar. Laganefnd fór jafnframt yfir tillögur og ábendingar sem borist höfðu frá félagsmönnum.

Niðurstaða funda laganefndar var að leggja fram meðfylgjandi breytingartillögu á lögum.

Skýrsla fagráðs 2017 – 2018

Fræðslufundir og starfsdagar

Þann 13. september 2017 var kynning á greiningu sóknarfæra í menntun þroskaþjálfa og tillögur um skipulag og inntak þroskaþjálfanámsins við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Það voru þær Andrea G. Dofradóttir og Rannveig Traustadóttir sem kynntu niðurstöður starfshóps í greiningu á sóknarfærum í menntun þroskaþjálfa og tillögur um skipulag og inntak þroskaþjálfanámsins við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Málþing Þroskaþjálfa var haldið þann 26. janúar á Hótel Natura. Málþingið var mjög vel sótt og var yfirskriftin að þessu sinni *Nýjungar í starfi með fólki - Áhrifaþættir í faglegu starfi*. Erindin miðuðu að því að kynna þroskaþjálfum nýjungar og margbreytileika í starfi með fötluðu fólki, hvort heldur það varðaði vinnu með börnum, unglingum eða eldra fólki.

Skýrsla útgáfuráðs 2017-2018

Meginverkefni útgáfuráðs er útgáfa fagtímarits félagsins. Síðasta blað Þroskaþjálfans kom út í byrjun árs 2016 og var það sérstök fimmtíu ára afmælisútgáfa þar sem þroskaþjálfar af fjölbreyttum vettvangi kynntu störf sín. Vinna að næsta blaði hefur tafist en útgáfa blaðsins er áætluð um mitt ár 2018. Útgáfuráð vill hvetja alla þá þroskaþjálfar sem eru að vinna að nýjungum eða öðrum áhugaverðum verkefnum til að skrifa greinar í blaðið. Nánari upplýsingar um greinarskrif er hægt að sjá á heimasíðu félagsins www.throska.is og með því að senda tölvupóst á utgafurad@gmail.com

Útgáfuráð fundar misjafnlega oft eftir því hvar í útgáfuférlinu blað er statt hverju sinni en þar að auki fara fram samskipti í gegnum tölvupósta, ský og samfélagsmiðla. Fulltrúi stjórnar í útgáfuráði er Guðrún Halla Jónsdóttir.

Útgáfuráð skipa starfsárið 2017-2018:

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, ritstjóri
Anna Kristín Albertsdóttir
Kristín Helga Magnúsdóttir
Magnús Helgi Björgvinsson
Sigríður Árnadóttir
Trausti Júlíusson
Anna Björk Sverrisdóttir

Skýrsla siðanefndar starfsárið 2017 - 2018

Hlutverk siðanefndar er að stuðla að siðferðilegri íhugun og vitund meðal þroskaþjálfra og halda siðferðilegri umræðu á lofti innan félagsins. Siðanefnd er opin fyrir beiðnum um ráðgjöf og umfjöllun um siðferðileg málefni. Siðanefndar úrskurðar um erindi sem henni berast um meint brot á siðareglum ÞÍ eins og þær eru á hverjum tíma.

Siðanefnd Þ.Í. hélt fyrsta fund starfsársins þann 10. janúar, 2018. Frá síðasta aðalfundi til þessa dags hefur siðanefnd fundað 4 sinnum formlega en starfið fer einnig fram í gegnum tölvupóstsamskipti.

Siðanefnd sendi uppfærðar starfsreglur til landlæknisembættisins og eru þær birtar á vef embættisins ásamt siðareglum ÞÍ. Eitt erindi barst til siðanefndar á yfirstandandi starfsári.

Siðanefnd skipa:

Árni Már Björnsson
Hrefna Sigurðardóttir
Signý Þórðardóttir

Varamenn eru:

Friðrik Sigurðsson
Guðbjörg B. Guðmundsdóttir
Sigríður Daníelsdóttir

Skýrsla Vísindasjóðs starfsárið 2017-2018

Í stjórn Vísindasjóðs sitja:

Valborg Helgadóttir formaður,
Vibeke Þorbjörnsdóttir gjaldkeri ÞÍ,
Þórunn Halldórsdóttir ritari,

Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir meðstjórnandi
Bjarnveig Magnúsdóttir meðstjórnandi

Stjórn Vísindasjóðs fundaði einu sinni á starfsárinu til að fara yfir umsóknir. Framkvæmdastjóri Þroskaþjálfafélags Íslands gekk frá greiðslum til styrkþega samkvæmt úthlutun stjórnar sjóðsins. Fyrir árið 2017 bárust 547 styrkhæfar umsóknir í Vísindasjóðinn. Upphæðin sem kom til úthlutunar var kr.106.243.- og skiptist jafnt á milli umsækjenda (greitt eftir starfshlutfalli).

Umsóknarferli Vísindasjóðs er til 15. maí ár hvert og greitt er út fyrir 1. júní.
f. h. Vísindasjóðs
Valborg Helgadóttir

Skýrsla kjörnefndar 2017-2018

Fulltrúar í kjörnefnd 2017-2018 eru:

Valborg Helgadóttir formaður

Rún Halldórsdóttir

Bjarghildur Pálsdóttir

Kristín Gísladóttir

Guðrún Jakobsdóttir

Nefndin kom einu sinni saman og fór yfir stöðuna, eftir það fóru samskiptin fram í gegnum tölvupósta

Verkefni kjörnefndar er að leita eftir framboðum í stjórn, nefndir, og ráð á vegum félagsins.

Fimmtán þroskaþjálfar luku kjörtímabili sínu í stjórn, ráðum og nefndum félagsins, átta þroskaþjálfar gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og því eru sjö ný nöfn á lista þeim sem kjörnefndstillir upp fyrir stjórn, nefndir og ráð. Vel gekk að manna í öll embættin.

Í lokin vill kjörnefnd bjóða væntanlega stjórn, ráð og nefndir velkomin til starfa og þakka þeim

sem láta af störfum.

F.h. kjörnefndar,

Valborg Helgadóttir

Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2018–2020

Stjórn PÍ

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2018-2020
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2016-2018)	Laufey E Gissurardóttir
Hanna Kristín Sigurðardóttir	varaformaður	(2017-2019)	
Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir	gjaldkeri	(2017-2019)	
Guðrún Halla Jónsdóttir	meðstjórnandi	(2016-2018)	Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir
Steinunn Jónsdóttir	meðstjórnandi	(2016-2018)	Steinunn Jónsdóttir
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko	meðstjórnandi	(2017-2019)	
Bjarnveig Magnúsdóttir	meðstjórnandi	(2016-2018)	Bjarnveig Magnúsdóttir

Útgáfuráð

Kristín Helga Magnúsdóttir		(2016-2018)	Særún Ósk Böðvarsdóttir
Magnús Helgi Björgvinsson		(2017-2018)	Selma Hauksdóttir
Trausti Júlíusson		(2017-2019)	
Anna Björg Sverrisdóttir		(2017-2019)	
Anna Kristín Albertsdóttir		(2016-2018)	Embla Rún Hakadóttir
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir		(2017-2019)	

Fagrað

Björg Maggý Pétursdóttir		(2017-2019)	
Elva Ösp Ólafsdóttir		(2016-2018)	Kolbrún Ósk Albertsdóttir
Kristbjörg Hjaltadóttir		(2016-2018)	Kristbjörg Hjaltadóttir
Einar Þór Jónsson		(2017-2019)	
Freydís Frigg Guðmundsdóttir		(2017-2019)	
Faney Sumarliðadóttir		(2016-2018)	Sigurbjörn Björnsson
Kolbrún Stígsdóttir		(2017-2018)	Kolbrún Stígsdóttir

Laganefnd

Margrét Rannveig Halldórsdóttir		(2017-2019)	
Helga Magnúsdóttir		(2017-2019)	
Ragnhildur Þorsteinsdóttir		(2016-2018)	Ragnhildur Þorsteinsdóttir
Andrea Bergmann Halldórsdóttir		(2017-2019)	
Rannveig Biering		(2016-2018)	Rannveig Biering

Kjörnefnd

Valborg Helgadóttir		(2017-2019)	
Bjarghildur Pálsdóttir		(2017-2019)	
Guðrún Jakobsdóttir		(2017-2019)	
Rún Halldórsdóttir		(2016-2018)	Rún Halldórsdóttir
Kristín Gísladóttir		(2016-2018)	Ragnildur Þórarinsdóttir

Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega

Fanney Sumarliðadóttir
Þórhildur Garðarsdóttir
Jóhanna Margrét Árnadóttir til vara

Fulltrúar sem stjórn tilnefnir

Siðanefnd

Árni Már Björnsson (2018-2021)
Hrefna Sigurðardóttir (2016-2019)
Signý Þórðardóttir (2017-2020)

Varamenn í Siðanefnd

Árni Viðar Þórarinsson (2018-2021)
Friðrik Sigurðsson (2016-2019)
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2017-2020)

Fulltrúi ÞÍ í Landsamtökunum Þroskahjálp verður skipaður á fyrsta fundi nýrrar stjórnar.